

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 476/1994.

Björn Baldursson og

Rut Skúladóttir

gegn

Íslandsbanka hf. og

Friðgeiri Björnssyni, dómstjóra í Reykjavík

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Málflutningsumboð. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 11. nóvember sl. í málinu Rut Skúladóttir gegn Íslandsbanka hf., en ályktarorð hins kærða úrskurðar voru á þann veg, að Birni Baldurssyni sé óheimilt að annast málflutningsstörf í því máli fyrir Rut Skúladóttur. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér heimilað að annast málflutningsstörf í málinu fyrir Rut Skúladóttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar „úr hendi dómstjórans í Reykjavík, Friðgeirs Björnssonar, vegna Héraðsdóms Reykjavíkur, að fjárhæð 250.000 kr., enda var enginn ágreiningur um úrskurðarefnið við Íslandsbanka, sem er varnaraðili málsins“.

Málsaðilarnir Rut Skúladóttir og Íslandsbanki hf. hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti. Þá hefur Friðgeir Björnsson dómstjóri engar kröfur gert.

Ákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973, sem sóknaraðili vitnar meðal annars til um kæruheimild, féllu úr gildi 1. júlí 1992, sbr. 1. tölulið 162. gr. laga nr. 91/1991. Í 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, sem sóknaraðili byggir kæruheimild að öðru leyti á, er mælt fyrir um heimild þess, sem telur héraðsdómara hafa gert á hlut sinn í dómarastarfi, til að

kæra dómarann fyrir Hæstarétt og krefjast, að honum verði veitt áminning eða gerð sekt. Þetta lagaákvæði heimilar á engan hátt málskot með þeim kröfum, sem sóknaraðili gerir fyrir Hæstarétti í máli þessu. Þar sem kæruheimild verður þannig hvorki studd við þau lagaákvæði, sem sóknaraðili vísar til, né önnur ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991 verður að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist úr hendi sóknaraðila, og verður hann því ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Við þingfestingu máls þessa 22. september sl. lýsti Björn Baldursson lögfræðingur yfir, að hann mætti fyrir sóknaraðila sem maki hennar. Kom hann í allar fyrirtökur málsins utan eina, 26. október sl., er sóknaraðili mætti sjálf. Þá skrifar Björn undir beiðni, dagsetta 16. ágúst, um úrlausn dómsins varðandi gildi tiltekinnar aðfarargerðar sýslumanns, þar sem sóknaraðili er gerðarþoli. Þá hefur Björn skrifað undir greinargerð sóknaraðila í máli þessu. Dómara hafa nýlega borist upplýsingar um, að Björn og sóknaraðili séu ekki í hjúskap, og varð það tilefni til könnunar dómara á því, hvort Björn Baldursson hefði heimild samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 að annast málflutning fyrir sóknaraðila í máli þessu. Þar sem mætti, Björn Baldursson, hefur lýst því yfir, að hann og sóknaraðili séu ekki gift, verður að telja, að hann sé ekki maki í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, sem heimili honum að annast málflutning fyrir stefndu í máli þessu. Þá verður ekki séð, að hagsmunir í máli þessu, sem varðar fjárkröfu á hendur Rut Skúladóttur persónulega vegna atvinnurekstrar hennar, séu þess eðlis, að þau heimili, að Björn Baldursson annist málflutning fyrir sóknaraðila í máli þessu. Einnig er upplýst í málinu, að mætti hefur ekki málflutningsréttindi og þar af leiðandi ekki málflutningsumboð samkvæmt 4. gr. fyrrnefndra laga um málflytjendur.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð, að skilyrðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 sé fullnægt, og er Birni Baldurssyni því óheimilt að annast málflutningsstörf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Birni Baldurssyni er óheimilt að annast málflutningsstörf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.